

Tillögur að ályktunum aðalfundar Skógræktarfélags Íslands 2023

Allsherjarnefnd

1. Skipulagsmál - frá Presti Eysteinessyni og Aðalsteini Sigurgeirssyni – samþykkt úr nefnd með orðalagsbreytingu

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Patreksfirði 1. til 3. september 2023, hvetur Innviðaráðherra til að láta gera breytingar á skipulagslögum í því augnamiði að ljóst verði hvort og hvenær skógrækt sé háð framkvæmdaleyfi sveitarfélags. Einnig er nauðsynlegt að lög mæli fyrir um verkferla við upplýsingaöflun og afgreiðslu framkvæmdaleyfis vegna skógræktar svo öflun þess verði skógræktendum hvorki fjárhagslega íþyngjandi né tímafrek úr hófi fram.

Greinargerð

Allur gangur er á því hvernig sveitarfélög fást við veitingu framkvæmdaleyfis vegna skógræktar. Sum krefjast þess ekki að landeigendur afli sér framkvæmdaleyfis. Sum krefjast framkvæmdaleyfis vegna allrar skógræktar og gera miklar kröfur um upplýsingaöflun og grenndarkynningu í ferli sem getur tekið 1-2 ár. Flest eru þar á milli en gera þó misjafnar kröfur, eru t.d. með misjöfn viðmið varðandi flatarmál lands. Framkvæmdaleyfisferlið er notað af sumum sveitarfélögum til að letja eða tefja fyrir og vart hefur orðið við að því sé beitt á mismunandi hátt gagnvart mismunandi landeigendum innan sama sveitarfélags. Stjórnsýslan í þessum efnum er í molum og þar er óljósum lagaákvæðum um að kenna.

Íslenska ríkið rekur metnaðarfulla stefnu í loftslagsmálum og er aukin skógrækt til kolefnisbindingar mikilvægur þáttur í þeirri stefnu, t.d. ef ná á kolefnishlutleysi árið 2040. Þetta er brýnt og þarft markmið í loftslagsmálum, en tíminn er naumur ef það á að á annað borð að nást og engin sýnileg ástæða til að útiloka skógrækt sem lið í þeirri viðleitni á Íslandi, einu skóglausasta landi í víðri veröld. Það skýtur því skökku við að stjórnsýsla sumra sveitarfélaga vinni beinlínis gegn þeirri stefnu. Allmörg dæmi eru þess að fólk hafi gefist upp á að fara í skógrækt þegar í ljós kom að sveitarfélag geri kröfur um gagnaöflun sem kostar 2-3 milljónir króna áður en framkvæmdaleyfið er veitt, m.a. með breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Skipulagslög þurfa að koma í veg fyrir að sveitarfélög geti sett verulegar hindranir á skógrækt sem eru þvert á markmið stjórnvalda og alþjóðasamfélagsins í loftslagsmálum, t.d. með því að skilgreina betur í lögum hvað teljist „meiri háttar framkvæmd“ í skógrækt, setja flatarmálsmörk og með því að skýra betur markmið og aðferðir við upplýsingaöflun, t.d. hvað varðar fornleifaskráningu.

3. Landgræðsluskógar – frá stjórn Skógræktarfélags Íslands – samþykkt úr nefnd óbreytt

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Patreksfirði 1. til 3. september 2023, hvetur matvælaráðherra til þess að vinna að nýjum og framlengdum samningi um Landgræðsluskóga.

Greinargerð

Samningi um Landgræðsluskóga lýkur á næsta ári. Mikilvægi Landgræðsluskóga verkefnisins fyrir skógræktarfélögin hefur bæði verið árangursríkt og farsælt. Hér er um eitt umfangsmesta samstarfsverkefni skógræktarfélaga, sveitarfélaga, stofnana og ráðuneytis sem rekið hefur verið á þriðja áratug. Nauðsynlegt er að ljúka samningi sem fyrst vegna fyrirsjáanleika um plöntuframleiðslu og undirbúning næstu ára.

Í 8. gr. samningsins stendur m.a. :

„Samningur þessi, sem gerður er til 5 ára, gildir frá 1. janúar 2020 til 31. desember árið 2024.

Eigi síðar en 31. desember 2023 skulu verkkaupar hafa lokið við sérstaka úttekt á framkvæmd samningsins til að meta hvernig til hafi tekist á samningstímanum. Sú úttekt skal liggja fyrir áður en þjónustusamningur er endurnýjaður. Á grundvelli þeirrar úttektar skal tekin ákvörðun um framhald rekstrarverkefnisins, sbr. 17. gr. reglugerðar nr. 343/2006 um samninga og rekstrarverkefni sem ráðuneyti og ríkisstofnanir gera til lengri tíma en eins árs.“

4. Trjáskemmdir – frá Stjórn Skógræktarfélags Íslands – lagt til að verði felld niður þar sem þessi vinna er komin í gang hjá Skógræktinni

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Patreksfirði 1. til 3. september 2023, hvetur til þess að sérstök rannsókn verð gerð vegna trjáskemmda sl. vor. Verkefnið er af þeim skala að það kallar á sérstaka fjárveitingu á næsta ári.

Greinargerð

Óvenjulegt veðurfar sl. maí olli verulegum skemmdum á ýmiskonar trjágróðri og þar á meðal trjategundum sem notaðar eru mikið í skógrækt m.a. alaskaösp og birki. Nauðsynlegt er að reyna að læra af þessu áfalli og huga að framtíðarefnivið sem hugsanlega gæti hentað betur.

Skógræktarnefnd

2. Skógarreitir og græn svæði innan byggðar - samþykkt úr nefnd með breytingum

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Patreksfirði 1. til 3. september 2023, hvetur sveitarfélögin til að huga sérstaklega að verndun og varðveislu skógarreita, trjálunda og grænna svæða innan byggðar í næsta nágrenni. Það er vanmetið hvað græn svæði hafa mikla þýðingu fyrir lífsgæði allra landsmanna, bæta skjól í og við þéttbýli, hvetja til útiveru, fjölskyldusamveru og stuðla að bættri geðheilsu. Jafnframt eru mikil verðmæti fólgin í grænum svæðum, bæði í trjálundum sjálfum sem og þeim áhrifum sem þau hafa á nærsamfélagið. Bæði sveitarfélög og íbúar njóta góðs af því. Enn fremur er kolefnisbinding trjágróðurs mikilvæg mótvægisáðgerð í loftslagsmálum.

Greinargerð

Margar rannsóknir hafa sýnt fram á jákvæð áhrif skóga og grænna svæða hvað varðar lýðheilsu, geðheilsu, útivist og hreyfingu, mengunarvarnir, skjól, vatnsmiðlun og bara fegurðarauka. Það ætti því að vera forgangsmál sveitarfélaga við skipulag að tryggja aðgengi íbúa að skógum og öðrum grænum svæðum sem margir hafa lagt mikið af mörkum á löngum tíma.

Með auknum íbúafjölda þenst byggð út. Skógarreitir sem áður voru langt fyrir utan þéttbýli eða í útjaðri þess eru nú komnir alveg að því og byggðin teygir sig alveg að, meðfram skóginum eða utan um hann. Tilhneiging hefur verið til að horfa til slíkra svæða sem byggingarlands, sérstaklega þar sem byggð umlykur skógarreiti og verið er að vinna að þéttingu byggðar. Gengur þar með á þessi grænu svæði innan byggðarinnar. Þétting byggðar þýðir iðulega minni garðlóðir við hús en áður var venjan, sem skerðir enn frekar möguleika íbúa á því að njóta gróðurs og náttúru í nálægð við heimili sit. Með því verða sameiginleg græn svæði enn mikilvægari fyrir íbúa en áður og því þeim mun mikilvægara að standa vörð um þau svæði sem fyrirfinnast nú þegar.

5. Samþætting landgræðslu og skógræktar - samþykkt úr nefnd með viðbótum

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Patreksfirði 1. - 3. september 2023, samþykkir að aðalfundurinn kjósi þrjá fulltrúa í nefnd sem hafi það verkefni að vinna að samþættingu verkefna þegar ný stofnun hefur tekið við af Landgræðslunni og Skógrækinni. Nefndin vinni í nánu sambandi við stjórn Skógræktarfélags Íslands. Það er mikilvægt að efna til samvinnu við nýja stofnun.

Ályktun 6 – samþykkt úr nefnd

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Patreksfirði 1. - 3. september 2023, hvetur til þess að skógræktarfélög í landinu samræmi reglur um meðferð og flokkun úrgangs sem til fellur á skógarsvæðum. Í þessu samhengi þarf að hafa samræmdar merkingar og leiðbeiningar til allra sem ganga um opin svæði innan marka sveitarfélaga.

Jafnframt hvetja skógræktarfélögin sveitarfélög til að tryggja að móttökustöðvar fyrir sorp séu aðgengilegar á öllum tímum þannig að ekki komi til þess að íbúar hendi almennu sorpi inn í skógarreiti í grennd við þéttbýli. Í dag fellur mikill kostnaður á skógræktarfélög um allt land við hreinsun á sorpi úr skógarreitum og fellur hann alfarið á félögin.